

Styðjum Alþjóða björgunarsveitina

Í dag, 17. október, kemur fjöldi íslenskra og erlendra sérfræðinga í björgunarmálum saman á ráðstefnu Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Björgun 2014. Þetta er í tólfra sinn sem ráðstefnan er haldin en hún er orðin mikilvægur alþjóðlegur vettvangur um björgunarmál, t.d um aðgerðir á norðurslóðum, aðhlynningu slasaðra, rekstur björgunarsveita, nýjustu tækni við leit og svo má áfram telja.

Á Íslandi er fyrir mikil þekking og reynsla í björgunarmálum og það er mikilvægt að hún komi að notum sem víðast. Ráðstefnan er gott dæmi um hvernig reynslunni er miðlað, auch þess sem hún er okkur áminningum um mikilvægi þess að styðja myndarlega við björgunarsveitirnar.

Utanríkisráðuneytið leggur sitt af mörkum og á farsælt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörgu með því að styðja starfsemi alþjóðabjörgunarsveitar þess. Sá stuðningur er þarf framlag til alþjóðasamstarfs og hefur átt þátt í því að byggja upp jákvæða ímynd lands og þjóðar. Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin hefur farið á vegum íslenskra stjórnvalda til að veita aðstoð á hamfarasvæðum viða um heim. Hún nýtur viðurkenningar á alþjóðavettvangi fyrir dugnað, þekkingu og færni okkar fólks.

Hjá Sameinuðu þjóðunum tekur Slysavarnafélagið Landsbjörg þátt í að samræma alþjóðlegt hjálparstarf og starf heimamanna á hamfarasvæðum. Landsbjörg er einnig

BJÖRGUNAR-SVEITIR



Gunnar Bragi Steinsson
utanríkisráðherra

→ Björgunarsveitir landsins vinna mikið og óeigingjarnt starf og hafa bjargað ófáum mannslifunum.

aðili að INSARAG, regnhlífarsamtökum björgunarsveita innan SP, og gengst undir reglulega úttekt og vottun á þeirra vegum. Þá er íslenska alþjóðabjörgunarsveitin á viðbragðslista Evrópusambandsins þar sem Ísland tekur þátt í almannavarnarsamstarfi þess með aðildinni að EES.

Í síðustu úttekt SP á sveitinni í júní sl. fékk íslenska rústabiljörgunarsveitin hæstu einkunn. Slík niðurstaða er ekki sjálfgefin; að baki henni liggur þrotaus vinna, uppygging á sérhæfðri þekkingu og búnaði. Þetta kom berlega í ljós á Haíti árið 2010, þegar alþjóðabjörgunarsveitin var fyrst allra erlendra sveita á vettvang eftir mikinn jarðskjálfta sem kostaði um 200.000 manns lífið. Sveitin hefur vaxið að reynslu og getu, allt frá því að hún fór fyrst á vettvang árið 1999 í kjölfar jarðskjálfta í Tyrklandi.

Björgunarsveitir landsins vinna mikið og óeigingjarnt starf og hafa bjargað ófáum mannslifunum. Það er ekki sjálfgefið að hópur vel þjálf-aðra sjálfboðaliða sé reiðubúinn til þess að sinna neydarkalli að degi sem nótta. Þeirra starf byggir á hugsjón og vilja til þess að vera samfélagini að liði. Okkar stefna er að styðja þá til þess.

